

Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er lögð áhersla á kjarnagreinar og sérgreinar brautarinnar í stærðfræði og raungreinum, s.s. líffræði, jarðfræði, efnafræði og eðlisfræði.

Að loknu námi skal nemandi hafa færni til að:

- hefja háskólanám í stærðfræði, verkfræði, heilbrigðis- og raunvísindum
- efla og viðhalda áhuga á náttúruvísindum
- ræða af innsýn og þekkingu um hin ýmsu svið náttúruvísinda
- beita hugsun og aðferðum náttúruvísinda
- færa rök fyrir skoðunum sínum um sem flestar greinar náttúruvísinda
- lesa fræðitexta náttúruvísinda bæði á íslensku og erlendum tungumálum

Sameiginleg markmið allra brauta eru að nemendur verði færir um að:

- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- meta og skilja menningarleg verðmæti
- gæta jafnréttis á öllum sviðum og efla með sér ríka siðferðisvitund
- meta upplýsingar um samfélagið, umhverfið og náttúruna
- taka þátt í umræðum og rökstyðja mál sitt á málefnalegan hátt
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- miðla upplýsingum í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og erlendum tungumálum
- geta nýtt sér nýjustu upplýsingatækni til að leysa fjölbreytt verkefni

Námshgreinar á náttúrufræðibraut:

Námshgrein	Ein
Íslenska	21
Enska	15
Íþróttir	6
Tölvun./upplýsingat.	5
Þriðja mál	15
Danska/Norðurlandamál	10
Saga	10
Viðskiptagreinar	10
Lífsléikni	3
Vérlitun	2
Stærðfræði	35
Forritun	5
Efnafræði	5
Eðlisfræði	5
Líffræði	5
Jarðfræði	5

Sameiginlegur kjarni

Brautarkjarni

Nemendur náttúrufræðibrautar geta valið um tvo mismunandi pakka. Hver pakki um sig samanstendur af sex mismunandi áföngum, samtals 30 ein, og að auki velja nemendur fjóra áfanga, 20 ein, sem frjálst val.

Eðlisfræðilína

Eðlisfræði 2

Efnafræði 2

Stærðfræði

Stjörnufræði

Eðlisfræði 3

Eðlisfræði 4 – lokaverkefni

Val – 4 áfangar

Líffræðilína

Eðlisfræði 2

Efnafræði 2

Efnafræði 3

Jarðfræði 2

Líffræði 2

Líffræði 3 – lokaverkefni

Val – 4 áfangar